






Eydís Líndal Finnbogadóttir var skipuð forstjóra Landmælinga Íslands 1. júlí 2019.

Nýr forstjóri Landmælinga Íslands

Þann 1. júlí síðastliðinn skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra Eydís Líndal Finnbogadóttur í embætti forstjóra Landmælinga Íslands til næstu fimm ára. Eydís hefur starfað hjá Landmælingum Íslands frá árinu 1999, síðast sem forstöðumaður yfir fagsviði miðlunar og grunngerðar og sem settur forstjóri frá september 2018. Eydís var staðgengill forstjóra frá 2007, þar til hún var settur forstjóri. Valnefnd skipuð af ráðherra mat Eydís hæfasta meðal umsækjenda til að gegna embætti forstjóra Landmælinga Íslands.

Eydís er með B.Sc. gráðu í jarðfræði og kennsluréttindi frá Háskóla Íslands. Þá hefur hún lokið M.Sc. í jarðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og M.Sc. í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Hún er með landvarðaréttindi auk leiðsögumannaréttinda frá Menntaskólanum í Kópavogi. Eydís hefur tekið virkan þátt í félagsstörfum, meðal annars innan skátahreyfingarinnar, ÍA og Karatesambands Íslands. Fyrir þetta hefur hún m.a. hlotið gullmerki ÍSÍ.


Eydís er gift Þesti Þór Ólafssyni vélfræðingi og eiga þau þrjá syni.



Uppfærsla gagnalaga í IS 50V

Á [niðurhalssíðu Landmælinga Íslands](#) er komin ný útgáfa fimm gagnalaga af átta í IS 50V. Um er að ræða uppfærslu á örnefnum, mannvirkjum, samgöngum, vatnafari og strandlínu.

Breytingar er mismiklar eftir lögum en flestar breytingar eru í örnefnalaginu og er það eina lagið þar sem stöðugt er unnið að uppfærslum. [Nánar má lesa um uppfærsluna](#) í frétt á vef Landmælinga Íslands.



Kort af hæðarbreytingum í Tungnakvíslarjökli frá 1960-2010, unnið úr loftmyndum og Lidar-gögnum. Rauður litur og gulur benda til lækkunar en ljósblár og blár litur benda til hækkunar.

Loftmyndir Landmælinga Íslands dýrmætar fyrir vísindamenn

Loftmyndasafn Landmælinga Íslands er mjög dýrmætt fyrir vísindamenn sem fylgjast með náttúruvá eins og til dæmis eldvirkni og minnkun jökla vegna loftslagsbreytinga.

Í sumar kom í ljós, með samanburði eldri mynda úr loftmyndasafninu og nýlegra gagna, að skriður og hægfare berghlaup eiga sér stað á svæði í Tungnakvíslarjökli nálægt Þórsmörk án þess að eftir því hafi verið tekið.

Berghlaupið hefur á sl. 70 árum þrengt verulega að skriðjöklinum en auk jökulbreytinga hefur hluti fjallsins lækkað um 180 m næst Tungnakvíslarjökli vegna berghlaupsins.

Við rannsóknir á þessum beytingum var búið til landhæðarlíkan eftir loftmyndum frá árinu 1960 og það síðan borið saman við hæðarlínur úr Lidar-gögnum frá árinu 2010 af sama svæði. Þá var hægt að sjá að talsverðar

breytingar höfðu átt sér stað. Sjá má að staðsetning skriðufalla passar við staðsetningu fjölda jarðskjálfta sem hafa orðið nálægt Kötlu frá upphafi jarðskjálftaathugana á áttunda áratugnum. Páll Einarsson, jarðskjálftafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir þetta geta verið vísbendingu um myndun leynigúls undir fjallinu.

Einnig var sagt frá þessu í [frétt á RÚV 12. júlí 2019](#).



Hugo Lecomte nemi í mælingafræðum að störfum.


Hnitakerfi Reykjavíkur tengt við ISN2016

Í sumar hefur farið fram vinna hjá Landmælingum Íslands við að tengja

hnitakerfi Reykjavíkur við landshnitakerfið ISN2016. Hnitakerfi Reykjavíkur er

komið til ára sinna og er í grunninn plankerfi sem gerir ráð fyrir að jörðin sé flöt. Þetta hefur skapað nokkur vandræði sérstaklega þegar unnið er með GNSS mælingar í Reykjavíkarkerfinu. Vinnan fór þannig fram að mældir voru 55 punktar í hnitakerfi Reykjavíkur og þeir notaðir til að búa til vörpun yfir í ISN2016.


Fyrstu niðurstöður sýna að bjögun milli Reykjavíkurfisins og ISN2016 er um ± 20 cm bæði í austur-vesturstefnu og norður-suðurstefnu. Þetta helgast fyrst og fremst af því að ekki er gert ráð fyrir krappa jarðar í Reykjavíkurfisinn en einnig læðist þarna inn bjögun vegna jarðskorpuhreyfinga og skekkja í eldri og nýrri mælingum.



Mynd 1. Innrauð SPOT-5 mynd af Bakkafjöru, tekin 16. júlí 2003.



Mynd 2. Innrauð SPOT-5 mynd af Bakkafjöru, tekin 29. ágúst 2009.



Mynd 3. Innrauð SPOT-5 mynd af Bakkafjöru og Landeyjahöfn 2017.

Árangur landgræðslu við Landeyjahöfn

400 hektarar lands græddir upp

Landeyjahöfn á Bakkafjöru var tekin í notkun sumarið 2010 en framkvæmdinni fylgdi jafnframt mikil uppgræðsla lands á sandinum næst höfninni. Meðfylgjandi þrjár gervitunglamyndir sýna þróun landgræðslustarfsins á þessu svæði. Myndirnar eru ekki í náttúrulegri litaframsetningu heldur er notast við nærinrauðar litrófsupplýsingar sem valda því að gróið land kemur fram í rauðum litum.

Mynd 1 er tekin árið 2003 áður en

framkvæmdir við hafnargerð og uppgræðslu hófust. Ekki sést stingandi strá á sandinum.

Mynd 2 er tekin 2009 eftir að framkvæmdir við Landeyjahöfn hófust. Búið er að reisa tvo varnargarða við Markarfljót til þess að verjast ágangi árinna og innan þeirra hefur umfangsmikið landgræðslustarf þegar hafist. Þarna má sjá að komin er rauð slikja og sums staðar sterkur rauður litur á landið milli Markarfljóts og vegarins að til-

vonandi hafnarsvæði sem sýnir að allt þetta svæði, sem er um 300 hektarar að stærð, er byrjað að gróa upp.

Mynd 3 er frá árinu 2017 þegar Landeyjahöfn hefur verið í notkun í 7 ár. Allur sandurinn norðan hafnarinnar er nú rauðlitaður þar sem 400 hektarar lands (4 km²) hafa að fullu verið græddir upp.



Þórarinn Sigurðsson við mælingar á Kili.

Hæðarmælingar með nýrri alstöð

Tvöfalt meiri afköst og ódýrari mælingar

Eitt af mikilvægustu verkefnum Landmælinga Íslands er að byggja upp og viðhalda sameiginlegu hæðarkerfi fyrir allt Ísland. Til þessa hefur vinnan að mestu byggst á fínhallamælingum en í lok síðasta árs festu Landmælingar Íslands kaup á alstöð af gerðinni

Trimble S9 HP sem nota má til hallamælinga í stað fínhallamælinga. Alstöðin er með hálftrar sekúndu nákvæmni og í [frétt sem birt var á vef Landmælinga Íslands](#) þegar stöðin var afhent kom meðal annars fram að alstöðin væri aðallega hugsuð til

mælinga vegna viðhalds og við áframhaldandi uppbyggingu á hæðarkerfi Íslands, ISH2004. Þá var gert ráð fyrir að afköst við mælingar myndu tvöfaldast og að ný aðferð hafi töluverða hagræðingu og hagkvæmni í för með sér.

Nú er mælingum sumarsins í lands-hæðarkerfinu lokið og komið hefur í ljós að alstöðin hefur staðið undir væntingum. Alls voru mældir 80 km á Kjalvegi, frá Áfangafelli og að Fremri-Skúta, á þremur vinnuvikum sem þýðir að að meðaltali voru mældir um 5,3 km á dag. Til samanburðar eru meðal afköst í hefðbundnum fínhallamælingum um 2,5 km á dag.

Á góðum dögum náðist að mæla allt að 9-10 km samanborið við 5-6 km á góðum degi í fínhallamælingum. Mestu munar þó um að hægt er að mæla við verri veðurskilyrði en við fínhallamælingar þrátt fyrir að það gangi svolítið hægar en við bestu skilyrði. Þannig þurfti einungis að gera hlé á mælingum í nokkra klukkutíma í sumar á meðan slagveðursrigning gekk yfir mælisvæðið. Mælt var í vindi sem var yfir 10 m/s en niðurstöður þeirra mælinga voru þó talsvert lakari en þegar mælt var í minni vindi, þó innan þeirra nákvæmnismarka sem krafa er gerð um í lands-hæðarkerfinu.

Samnýting Vinnurýma

Landmælingar Íslands og Veðurstofa Íslands hafa gert með sér samning um samnýtingu vinnurýma þannig að starfsmenn Landmælinga Íslands sem búa í Reykjavík geta fengið aðstöðu hjá Veðurstofunni og að sama skapi hafa starfsmenn Veðurstofunnar sem búa á Akranesi aðstöðu hjá Landmælingum Íslands.

Samningurinn var gerður í kjölfar málþingsins „Ríkisstofnun úti á landi – búbót eða basl“ sem Landmælingar Íslands héldu síðastliðið vor. Þar kom fram að aukinn sveigjanleiki er hluti þess sem fólk á vinnumarkaði sækist eftir. Einnig að starfsmenn sem sækja vinnu um langan veg eru undir meira álagi vegna ferða og að langar ferðir til og frá vinnu marka stærra kolefnis-

fótspor. Þá kom fram tillaga um að stofnanir á landsbyggðinni samnýttu húsnæði en þannig mætti fjölga starfs-

mönnum ríkisins á landsbyggðinni, óháð því hvar höfuðstöðvar stofnananna eru.



Árni Snorrason, Veðurstofustjóri og Eydís Líndal Finnogadóttir, forstjóri Landmælinga Íslands við undirritun samningsins.

www.lmi.is